

AUGLÝSING**210**

21. maí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Dalvík frá 1. september 1939.**1. gr.**

15. gr., stafl. a., orðist þannig:

Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna á Dalvík, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, þannig:

Fyrir báta allt að 2 smálestir brúttó	kr. 25.00
Fyrir báta 2 til 4 smálestir brúttó	— 50.00
Fyrir báta 4 til 10 smálestir brúttó	— 100.00
Fyrir báta 10 smálestir og stærri	— 150.00

2. gr.

Aftan við 23. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gjöld samkvæmt þessari grein innheimtist með 50% viðauka.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 8. sept. 1931 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. maí 1942.***Magnús Jónsson.***Páll Pálmason.***REIKNINGUR****211****sjóðsins Dýrleifarminning árin 1940 og 1941.****Tekjur:**

1. Sjóður við árslok 1939:		
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 2672.17	
b. Hjá forstöðunefnd Dýrleifarminningar	— 36.65	kr. 2708.82
2. Vextir 1940	kr. 138.41	
Vextir 1941	— 138.14	
Verðlaun úr vaxtabæti Söfnunarsjóðs	— 4.33	— 280.88
		Kr. 2989.70

Gjöld:

1. Varið samkv. skipulagsskrá 1940	kr. 36.65	
Varið samkv. skipulagsskrá 1941	— 37.60	kr. 74.25
2. Eign við árslok 1941:		
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 2878.30	
b. Hjá forstöðunefnd Dýrleifarminningar	— 37.15	— 2915.45
		Kr. 2989.70

Í forstöðunefnd Dýrleifarminningar.

Skútustöðum, í júnímán. 1942.

Kristín Sigurðardóttir.**Kristjana Helgadóttir.****Solveig Stefánsdóttir.**